

## **Reglugerð nr. 12**

### **Búningar og búnaður leikmanna**

**12.1** Um keppnisbúninga og búnað keppenda í mótum á vegum ÍHÍ eða aðildarfélaga þess gilda þær reglur sem IIHF setur auk þeirra sérákvæða sem gilda hjá ÍHÍ.

**12.2** Þau félag sem ætla að senda lið til keppni í mótum á vegum ÍHÍ skulu sækja um leyfi fyrir aðal- og varakeppnisbúningum til stjórnar ÍHÍ. Umsóknir verða afgreiddar með tilliti til fyrri leyfa og í þeirri röð sem þær berast.